

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

**Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits
Vestfjarðasvæðis
2016**



Maí 2017

Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi

Efnisyfirlit

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2016	2
Kostnaður við heilbrigðiseftirlit	4
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ársreikningur 2016	4
Eftirlitsferðir 2016	7
Hollustuhættir	10
Mengunareftirlit og umhverfismál.....	13
Matvælaeftirlit	17
Lokaorð	18

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2016

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt upplýsinga um starfið. Sá háttur verður hafður á í ár að senda starfsskýrslu einungis á rafrænu formi til sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindarráðuneytis en ef óskað er, er hægt að fá prentuð eintök. Einnig verður skýrslan aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins www.hevf.is

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði“. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er kosin á Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megingiltangur þeirra að vera málsvari, samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Heilbrigðisnefnd

Í lögnum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er í 11. grein ákvæði um heilbrigðisnefndir. „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.“ Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Ný heilbrigðisnefnd var kosin á 59. fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var dagana 3. og 4. október 2014 á Þingeyri. Við val í heilbrigðisnefnd hefur landfræðileg staðsetning nefndarmanna tekið mið af gömlu heilbrigðisnefndunum og endurspeglar þannig svæðið sem unnið er á en einnig hefur fagþekking og reynsla ráðið miklu.

Heilbrigðisnefnd

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður

Kristján Jóakimsson

Sólrún Geirsdóttir

Jón Hörður Elíasson

Kolfinna Guðmundsdóttir

Fulltrúi atvinnurekenda

Einar Valur Kristjánsson

Varamenn

Hjalte Karlsson

Hildur Halldórsdóttir

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Jóhannesdóttir

Hólfríður Vala Svavarsdóttir

Fundur heilbrigðisnefndar 2016

Heilbrigðisnefnd fundaði 6 sinnum á árinu 2016. Þann 12. febrúar um ársreikning heilbrigðiseftirlits, jafnframt var veitt umsögn um tillögu um breytingu á lögum 7/1998. Þann 8. apríl var fundað um starfsskýrslu heilbrigðiseftirlits og stöðuskýrslu um förgun skólps. 1. júní var fundað um lista yfir eftirlit, aðgang að tölvukerfum og ýmis mál. 2. september var fjallað um sumarverkefni, bæði neysluvatn og baðvatn. 4. nóvember var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. 5. desember var m.a. fjallað um viðbrögð sveitarfélaga varðandi fjárhagsáætlun 2017.

Á þessum fundum voru afgreidd 63 starfsleyfi til fyrirtækja, 3 tímabundin starfsleyfi, 9 tóbakssöluleyfi og 25 brennuleyfi. Fjórir voru áminntir og lokafrestir til úrbóta voru veittir. Auk þessa voru veittar 29 umsagnir um tækifærisveitingaleyfi, 64 umsagnir um rekstrarleyfi, 20 umsagnir um skipulagsmál og 8 undanþágur vegna sölu á tóbaki. Það eru heilbrigðisfulltrúar í umboði heilbrigðisnefnda sem hafa það starf að framfylgja ákvæðum laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna og afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra og þá með fyrirvara um samþykki nefndanna. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.

Hlutverk

Markmið laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Umdæmi embættisins nær yfir 9 sveitarfélög. Íbúafjöldi í umdæminu 1. janúar 2017 var 6.883 manns.

Tafla 1. Íbúafjöldi á starfssvæðinu.

Íbúar sveitarfélaga 1. janúar 2017	
Bolungarvík	908
Ísafjarðarbær	3608
Reykhólahreppur	282
Tálknafjarðarhreppur	236
Vesturbyggð	1030
Súðavíkurhreppur	186
Árneshreppur	46
Kaldrananeshreppur	106
Strandabyggð	468

Framkvæmdastjórinn er ábyrgur fyrir rekstri embættisins og ber að gæta hagkvæmni í rekstri þess og tryggja að kostnaður sé innan fjárheimilda.

Heilbrigðiseftirlit sinnir fyrst og fremst reglubundnu eftirliti við að framfylgja sértækum lögum og reglugerðum á sviði heilbrigðis-, matvæla- og umhverfismála. Það veitir starfsleyfi til fyrirtækja sem starfa á þessu sviði, sinnir kvörtunum og annast umhverfisvöktun. Aðaláhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í megindráttum skiptist eftirlitið í þrjá flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit. Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er komið á framfæri við viðkomandi aðila í viðtölum og/eða á skriflegan hátt. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér síðan um að úrskurði nefndarinnar sé framfylgt. Þannig eru mál einstakra fyrirtækja ekki tekin fyrir í heilbrigðisnefnd nema um sé að ræða vafaatriði eða ef eftirlitsþoli sinnir ekki úrbótum.

Starfsmannamál

Tveir starfsmenn starfa hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í fullu starfi. Anton Helgason framkvæmdastjóri og Hlynur Reynisson staðgengill framkvæmdastjóra. Báðir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar.


Kostnaður við heilbrigðiseftirlit

Tekjur sveitarfélaga vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og því er óheimilt að taka hærra gjald en nemur eðlilegum og nauðsynlegum kostnaði við viðkomandi þjónustu. Einungis má innheimta eftirlitsgjöld fari eftirlit fram. Þess ber að geta að tíðni eftirlits er mjög mismunandi eftir fyrirtækjaflokkum. Þannig er töluvert af fyrirtækjum sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Í gjaldskrá eftirlitsins er gert ráð fyrir árlegu eftirlitsgjaldi, því er kostnaði við hverja heimsókn deilt niður á fjögur ár hjá þeim sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Á það verður að benda að fyrirtæki og stofnanir eru ekki jafnt dreifð á sveitarfélögin. Þjónustugjöldin eru fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaði er skipt á sveitarfélögin. Í fámennum sveitarfélögum þar sem þjónusta við ferðamenn er mikil s.s. sundlaugar og hótél sem þurfa mikið eftirlit og eru því með hátt gjald í gjaldskrá, er hlutfallslegur heildarkostnaður meiri á hvern íbúa.


Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ársreikningur 2016

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða fjallar um endurskoðaða ársreikninga í byrjun febrúar ár hvert. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits fyrir árið 2016 var samþykktur þann 11. febrúar 2017. Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna. Íbúar á svæðinu voru 6.870 þann 1. janúar 2017, og er þetta líklegast með minni eftirlitssvæðunum, mjög strálbýlt og vegalengdir miklar. 581 fyrirtæki


voru starfandi á Vestfjörðum árið 2016. Fyrirtæki eru flokkuð eftir þeirri löggjöf sem um þau gilda. Ef megin starfsemi er látin ráða flokkun eru 155 fyrirtæki sem fá eftirlit samkvæmt mengunarvarnareglugerðum, 129 flokkast sem matvælafyrirtæki og 297 fyrirtæki flokkast með eftirlit skv. hollustuháttareglugerð. Fleiri en 89 fyrirtæki þurfa eftirlit samkvæmt mismunandi löggjöf, því einfaldar það ekki málið að skipta upp eftirliti milli tveggja stofnana. Niðurstöður úr ársreikningi 2016 voru teknar saman og settar í kökurit til að betur væri hægt að átta sig á niðurstöðu.




Rekstrarkostnaður heilbrigðiseftirlits Vestfjarða greindur.



Leyfisgjöld eru 1.312.483 sem er 58% af sértekjum Hlutfall af rekstri er tæp 4%



Matvæla- og hollustuháttafyrirtæki eru með svipuð hlutföll.



Umtalsverður hluti eftirlitsgjalds kemur frá fyrirtækjum og stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir umræðum í sveitarfélögum um breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Samtök atvinnulífsins tala nú fyrir því að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftt með því að færa verkefni sem aðrar stofnanir annast nú. Jafnframt telja þeir það nauðsynlegt, til að ná fram skilvirkni, að þá þurfi að fækka heilbrigðiseftirlitssvæðum með sameiningu heilbrigðisnefnda. Engin stefna liggur fyrir af hálfu ríkisins um ný verkefni.

Frá því Umhverfisstofnun varð til og síðar Matvælastofnun hefur sífellt verið kroppað í þau verkefni sem heilbrigðisnefndum er ætlað að sinna. Svo nefnd séu örfá dæmi: Eftirlit með

leikvallataekjum færðist til skoðunarstofa 2005 með reglugerðarbreytingu. Allt matvælaeftirlit og umsýsla með kjötvinnslum og mjólkurstöðvum færðist frá heilbrigðiseftirliti við stofnun Matvælastofnunar 2010, en heilbrigðiseftirlitið var áfram með mengunareftirlit. Við setningu efnalaga 2013 fluttist eftirlit með efnavöru til Umhverfisstofnunar þar starfa nú 7 starfsmenn við eftirlit sem heilbrigðiseftirlitið sinnti áður. Með lögum um fiskeldi 2015 fór allt eftirlit með fiskeldi yfir til Umhverfisstofnunar með kvöð um framsal til Matvælastofnunar.

Á þessum tíma hefur það alltaf verið yfirlýst stefna stjórnvalda að færa verkefni til sveitarfélaga.

Fækkun starfsleyfa með því að breyta um nafn á þeim þ.e. skráning en ekki starfsleyfi breytir engu um þá vinnu sem þarf að vinna við útgáfu eða staðfestingu. Það þarf að kanna hvort starfsemi samrýmis skipulagi, hver er skráður eigandi fasteignar, kröfur um búnað sem þarf að vera til staðar, nöfn, kennitölur fyrirtækis og ábyrgðamanns og hvernig hægt er að hafa upp á viðkomandi ef eitthvað kemur uppá. Það er sama vinnan hvort sem afurðin heitir í restina starfsleyfi eða skráning.

Núna liggur fyrir Alþingi breytingarfrumvarp á meginlöggjöf HES, lögum nr. 7/1998. Breytingar sem þar eru boðaðar geta haft víðtæk áhrif á starfsumhverfi HES og um leið á gæði umhverfis og öryggi almennings, auk þess sem um aukið flækjustig getur orðið að ræða með tilheyrandi kostnaði fyrir atvinnulífið og sveitarfélög. Þetta á einkum við um aðila í samsettum rekstri, þ.e. rekstur sem fellur bæði undir lög 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., og þá annaðhvort hollustuháttareglugerð, nr. 941/2002, eða reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, og jafnframt matvælalög, nr. 93/1995.

Samkvæmt frumvarpsdrögum er hlutverk heilbrigðisnefnda skert og verkefni færð til Umhverfisstofnunar í átt til aukinnar miðstýringar. **Miðstýring er einfaldur flutningur starfa á einn stað. Nær undantekningarlaust frá landsbyggð til höfuðborgar.**

Eftirlitsferðir 2016

Eftirlitsferðir hjá heilbrigðiseftirlitinu á árinu 2016 eru skráðar 360. Vakin er athygli á því að hér er ekki um tæmandi skráningu að ræða. Til dæmis eru athugasemdir sem gerðar eru við bíla og bílhræ á lóðum fyrirtækja ekki skráðar sem eftirlitsferðir né heldur sýnatökuferðir. Fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvælum eiga flest að fá eftirlitsheimsókn einu sinni á ári. Fyrirtæki sem falla undir Hollustuháttareglugerð og fyrirtæki með mengandi starfsemi eru oft með heimsóknartíðni annað hvert ár og stór hluti er með heimsóknartíðni fjórða hvert ár.

Á árinu var tekið upp Filemaker gagnagrunnskerfi frá Físlausnum og Access gagnagrunnur sem ekki hafði verið þjónustaður frá 2010 lagður af. Þar sem skráningar í nýjan grunn hófust seinnihluta ársins er flokkun eftirlitsferða illmöguleg, því er í þessari skýrslu gefin upp

heildartala eftirlitsferða og skipting samkvæmt flokkum, tölur um heildarfjölda og skiptingu eru tölur úr eftirlitskerfi í maí 2017.

Höfuðáhersla er lögð á að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem selja eða dreifa matvælum til almennings.

Tafla 2. Yfirlit yfir eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða árið 2016.

	Heildarfjöldi Megin starfsemi
Heildarfjöldi	634
Hollustuhættir	330
Matvæli	144
Mengun	160

Starfsemi sem er eftirlitsskyld vegna Hollustuhátta eða mengunarvarna er með vísan í lög um hollustuhætti nr 7/1998. Matvælafyrirtæki eru undir eftirliti með vísan í lög um matvæli nr 93/1995. Í töflu 2 eru fyrirtæki flokkuð eftir því hver er megin starfsemi þeirra, hinsvegar er töluverður hluti fyrirtækja sem eru eftirlitsskyld vegna bæði hollustuhátta- og matvælalöggjafar. Dæmi um það eru leikskólar, skólar og hjúkrunarstofnanir sem eru einnig flest með mótuneyti eða móttökueldhús. Um 20% fyrirtækja þurfa eftirlit bæði vegna hollustuhátta og matvælaeftirlits.

Niðurstöður sýnatöku til örverumælinga

Til að kanna örverufræðilegt ástand matvæla tekur heilbrigðiseftirlitið sýni af neysluvörum og vatni. Tíðni sýnatöku af neysluvatni er bundin í reglugerð. Þannig er mánaðarlega tekið vatnssýni á Ísafirði og í Bolungarvík. Hjá vatnsveitum annarra þéttbýlisstaða eru tekin sýni ársfjórðungslega en hjá einkavatnsveitum er miðað við eitt vatnssýni á ári.

Sýni af matvælum og vatni eru tekin til að kanna ástand þeirrar vöru sem er á boðstólum. Sýni eru send til bakteríuræktunar hjá rannsóknarstofu Matís ohf. Við ræktun er vanalega verið að rækta fram vísibakteríur, þ.e. kólí og saurkólí, en tilvist þeirra gefur til kynna óþrifnað eða mengun af sauruppruna. Ef þessar bakteríur finnast er talið að líkur séu á að aðrar og hættulegri sjúkdómsvaldandi bakteríur geti verið til staðar. Sýnin eru metin eftir ákveðnum stöðlum sem eru mismunandi eftir vörutegundum.

Tafla 4. Niðurstöður sýnatöku 2016

Niðurstöður sýnatöku 2016			
	fjöldi sýna		stóðst ekki
Baðvatn	23		8
Vinnsluvatn	9		
Neysluvatn	157		43
Sigvatn	2		
Efnagreining	4		
Samtals	195		

Á árinu 2016 voru tekin 195 sýni, af þeim voru 43 sem ekki stóðust kröfur. Tekið var sigvatnsýni frá 2 urðunarstöðum.

Sýni úr sundlaugum og heitum pottum voru 23, en af þeim voru 8 sem ekki stóðust kröfur.

Fjórar vatnsveitur þéttbýlisstaða lentu í vandræðum með neysluvatn á árinu. Bolungarvík í júní, Suðureyri í mars, Flateyri í september og Súðavík í september og desember.

Af 62 sýnum sem tekin voru hjá einkavatnsveitum í dreifbýli voru 29 sem stóðust ekki kröfur. Þar sem ekki er tekið tillit til endurtekinnar sýnatöku, eru tölur því ekki í samræmi við fjöldi sýnatökustaða. Ljóst er að þörf er á stórátaki í neysluvatnsmálum hjá aðilum utan þéttbýlis. Ágætis fræðsluefni er til um litlar vatnsveitur á vef matvælastofnunar. <http://www.mast.is/Uploads/document/itarefni/Baklingur%20litlar%20vatnsveitur.pdf>. Þar er að finna fræðsluefni um frágang vatnsbóla í dreifbýli. Því miður hafa frekar verið sett upp geislunartæki í þeim tilgangi að ná fram auknum gæðum, í stað þess að bæta vatnsbólin til að ná fram þessum sömu markmiðum. Perur í geislunartækjum endast í takmarkaðan tíma, tækin eru bilanagjörn og það þarf að vera kveikt á þeim svo þau virki. Vatnsveitur eru stærstu matvælafyrirtæki hvers byggðarlags og undirstaða þess að hægt sé að starfrækja önnur matvælafyrirtæki. Vatnsveitur eru eftirlits- og starfsleyfisskyldar og þurfa að uppfylla reglugerð um neysluvatn sem byggir á Evróputilskipun um gæði, ef hún þjónar fleirum en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum eða matvælafyrirtækjum. Vatnsveitan er ábyrg fyrir heilnæmi neysluvatns.

Gott neysluvatn er undirstaða heilsu og matvælaframleiðslu. Ef ekki er gætt ýtrustu varúðar getur það verið ógn við heilsu manna. Með neysluvatni dreifast hættulegir sjúkdómar, árið 2014 veiktust t.d. 20 manns vegna kamphylobakter í neysluvatni á starfssvæðinu. Því má öllum vera ljós sú áhætta sem tekin er þegar neysluvatni, sem stenst ekki kröfur, er dreift. Mjög víða hafa verið sett upp geislunartæki þar sem neysluvatn er lýst með útfjólubláu ljósi. Í flestum tilfellum dugur það sem sóttvörn. En það þarf að vera kveikt á tækjunum og perurnar hafa einungis ákveðin líftíma, þannig að ef þessi lausn er notuð þá þarf að fylgjast vel með. Samkvæmt Neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001 eru viðbrögðum skipt í þrjá flokka. Þ.e. flokkur A þar sem bakteríur af sauruppruna finnast en þar þarf að grípa strax til aðgerða. Flokkur B þar sem eðlis- eða efnabættir eru umfram mörk og flokkur C ef heildargerðslafjöldi er of hár.

Flokkur A: Bakteríur af sauruppruna finnast í vatninu.

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin.

Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.

Eftirfarandi er upptalning þar sem neysluvatn stóðst ekki kröfur skv. flokki A.

Neysluvatn Reykjanesi stóðst ekki kröfur, tilkynning um vatnssuðu.

Neysluvatn Bergistanga, áminning og lokafrestur til úrbóta.

Neysluvatn á Kaffi Norðurfjörður stóðst ekki kröfur, áminning og lokafrestur til úrbóta.

Ferðafélag Íslands, Valgeirsstaðir stóðst ekki kröfur, krafa um vatnsuðu.

Vatnsýni í Bolungarvík stóðst ekki kröfur, geislunartæki hafði slegið út.

Vatnsýni á Flateyri stóðst ekki kröfur, settar nýjar perur í geislunartæki.

Vatnsýni á Suðureyri stóðst ekki kröfur, settar nýjar perur í geislunartæki.

Vatnsýni í Súðavík stóðst ekki kröfur, skýring hefur ekki fundist.


Hollustuhættir



Hér er um að ræða eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Þeir staðir sem flokkast undir almennt heilbrigðiseftirlit eru t.d. baðstaðir, íþróttahús, skólar og leikskólar, gististaðir, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, nudd- og snyrtistofur og íbúðarhúsnæði. Árlega standa Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Á árinu 2016 réðst hollustuháttahópur í eftirlitsverkefni sem snérist um hávaða í umhverfi barna í leik- og grunnskólum. Niðurstöður verkefnisins sýna að 62% svarenda (kennarar/starfsmenn) upplifðu hávaða á vinnustað og töldu að hljóðvist í rýmum væri ófullnægjandi. Var það álit viðmælenda að of mikill hávaði stafaði af hávaðasömum börnum og/eða of mörgum börnum í sama rými. Til að draga úr hávaða mætti því athuga að fækka fjölda barna í hverju rými. Könnunin leiddi í ljós að skólar notuðu ekki sem skyldi möguleika til að bæta hljóðvist með viðbótar hljóðeinangrun eða notkun ýmissa tækja sem er m.a. hægt að finna í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Fjölgun ferðamanna hefur leitt til mikilla breytinga. Á Vestfjörðum hefur aukning í framboði gistirýmis nær eingöngu verið í formi heimagistingar, þ.e. íbúðarhúsnæði leigt út til gistingar á bókonarvefum. Mikill misbrestur hefur verið á að aflað sé tilskilinna leyfa til slíks reksturs. Sala á gistingu er alltaf starfsleyfisskyld skv. Hollustuháttalögum og undir eftirliti heilbrigðiseftirlits. Töluverðir hagsmunir felast í því fyrir sveitarfélög að þau aðlagi stjórnáslu sína að þessum breytingum og gæti þess m.a. að álagning fasteignaskatts taki mið af raunverulegri nýtingu húsnæðis. Breyting var gerð á lögum um veitinga- og gistiheimilis og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald gefin út um áramót (reglugerð nr. 1277/2016). Þar var heimagisting skilgreind betur sem gisting á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota. Aðeins er heimilt að leigja viðkomandi eign út í 90 daga á hverju almanaksári ásamt frekari takmörkunum. Heimagistingu skal skrá hjá Sýslumanninum í Reykjavík árlega. Forsenda skráningar er að fyrir liggi starfsleyfi Heilbrigðisnefndar. Í umræðu hefur verið að fella líka niður starfsleyfisskyldu og eftirlit með heimagistingu. Ný starfsleyfi á Vestfjörðum hafa flest verið vegna heimagistingar. Skráð gisting hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða er um 30% af fyrirtækjum á fyrirtækjalista, þar af er 19% sem getur flokkast sem heimagisting. Ef reiknað er með 10 gestum í hverja skráða heimagistingu og 25 gestum í hvert hótél, gistiheimili og tjaldstæði þá er mögulegur fjöldi gistinátta 2805 á dag. Þar af eru mögulegar gistinætur í heimagistingu 1230 (44%). Þetta er umtalsverður fjöldi og breytingar á starfsleyfis- eða eftirlitsskyldu hefði umtalsverð áhrif á rekstrarumhverfi heilbrigðiseftirlits. Engin rök hafa komið fram fyrir því að

reglur eigi ekki að gilda um þessa starfsemi. Í dreifbýli er gisting og önnur þjónusta einnig oft með einkavatnsveitur sem þurfa reglubundið eftirlit.



Raki og mygla

Heilbrigðiseftirlitið fær fyrirspurnir varðandi raka og myglu í íbúðarhúsnæði og má eflaust rekja það til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Við bendum fólki á að þar sem finnst sveppur þarf að lagfæra leka, þurrka raka og auka loftun t.d. með því að opna glugga. Síðan bendum við á að raka og myglu þarf að þrifa með sápu. Ef um skemmdir vegna raka er að ræða þarf að skipta út skemmdu efni, þrifa upp með sveppadrepanði efni og mála síðan yfir. Það þarf að fara varlega í upphafi við þrif, þ.e. væta mygluna í byrjun þannig að minna fjúki upp í loftið af gróum og henda tuskum að notkun lokinni. Þurrka þarf síðan ryk af öllu í íbúðinni eftir að búið er að hreinsa út. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru ágætar leiðbeiningar um raka og myglu.

<http://ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/heimilid/raki-og-mygla/>

Sund og baðstaðir

Ný sundlaugareglugerð tók gildi í október 2010 sem lagði auknar kröfur á þá sem reka sundstaði. Reglugerðin jók kröfur um merkingar, mönnun, þjálfun og fræðslu um hreinlætis- og hollustuháttamál á sundstöðum og hækkaði aldursmörk barna sem geta sótt sundlaugar án þess að vera í fylgd með forráðamönnum. Á Vestfjörðum eru 14 sund- og baðstaðir. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis starfsfólki fræðslu. Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel upplýst og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Starfsmenn sundstaða þéttbýlisstaða tóku þátt í námskeiðum fyrir hæfnispróf vegna laugargæslu. Hluti af því námi er þjálfun í skyndihjálpi og sundpróf. Með breytingu á reglugerðinni er veitt heimild til að laugarvörður sé einn á vakt í þeim laugum þar sem gestafjöldi er að meðaltali undir 10 gestum á ársgrundvelli á þeim árstíma sem um ræðir. Kalla skal á auka laugarvörð ef 20 gestir eða fleiri eru í laug í einu. Rekstraraðili laugar, þar sem þessi heimild er nýtt, skal senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirkomulag laugar

og tíma þann sem heimild þessi er nýtt. Fimm laugar nýttu sér þessar heimildir síðastliðinn vetur.

Á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga, en þá fer saman aukinn fjöldi gesta og sólríkt veður sem eyðir virkum klór sem notaður er til sóttreinsunar. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti, þar á meðal mikilvægi þess að skráning á þáttum, s.s. íblöndun klórs, sé framkvæmd og að sjá til þess að sundlaugargestir baði sig áður en gengið er til laugar. Ýmsir sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni ef ekki er hugsað nægjanlega vel um sóttreinsun baðvatnsins. Algengustu sjúkdómar sem tengja má sundlauganotkun eru sýkingar í slímhimnum (í augum, eyrum, hálsi og nefi) og í sárum og rispum á húð. Samkvæmt erlendum rannsóknum á sjúkdómum sem tengjast sundlaugum eru um 60% sýkingar í slímhimnu, 20% magasýkingar og megnið af þeim 20% sem eftir eru, húðsýkingar. Ekki stafa öll sjúkdómstilfelli af bakteríum úr baðvatninu, þannig geta komið fram sýkingar af völdum náttúrulegrar flóru líkamans, sem nýta sér minnkun mótstöðuafli líkamans við böðun og kælingu. Sundlaugarnar í Reykjanesi, Heydal og Reykjafirði eru ekki með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og engin klórblöndun á sér þar stað.

Baðstaðir í náttúrunni

Reglugerð um baðstaði í náttúru Íslands var sett 28. apríl 2015. Markmið hennar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Ábyrgðaraðili er skilgreindur sem landeigandi eða ábúandi eða sá sem fer með umsjón svæðis. Umhverfisstofnun telst ábyrgðaraðili lauga í 3. flokki í friðlöndum. 1. og 2. flokkur, þ.e. allir staðir með mannvirki og allir staðir með rekstur, skuli fara eftir öryggisreglum varðandi sund og baðstaði, eini afslátturinn sem veittur er varðar klórblöndun. Heilbrigðisnefnd metur hvort þarf að vara gesti við böðun út frá gerlaniðurstöðum. Heilbrigðisnefnd er ætlað að veita þessum stöðum starfsleyfi.

Sé rekstur náttúrulegs baðstaðar framseldur af ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðaþjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Rekstraraðili náttúrulegra baðstaða í 1. og 2. flokki bera kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til öryggis baðgesta.

Ekki er gert ráð fyrir reglulegum sýnatökum í laugum í 3. flokki. Meti heilbrigðisnefnd svo að ástæða sé til, t.d. ef grunur er um mengun, gilda framangreindar kröfur um heilnæmi baðvatns. Ríkið ber kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga í 3. flokki. Um náttúrulega baðstaði í 1. flokki gildir að minnst 8 af hverjum 10 sýnum skulu innihalda <100 saurkólígerla/100ml og að hámarki 2 sýni milli 100 - 2000 saurkólígerla/100 ml. Þetta eru miklu rýmri mörk en miðað hefur verið við t.d. í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999. Í reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999 myndi baðvatn skv. náttúrulegareglugerð falla í III-V flokk þ.e. nokkur saurmengun, mikil saurmengun og ófullnægjandi ástand vatns, þynningarsvæði. Þá er spurning hvort þetta sé nothæft í markaðssetningu á náttúrulegum. Ég er nokkuð viss um að þessar laugar sem ég nefni eru undir þeim mörkum sem eru í reglugerðinni. Það sem við höfum helst áhyggjur af eru *pseudomonas* bakteríur sem geta

valdið mjög slæmum sýkingum t.d. í gegnum sár og eins gætu einstaklingar með veiklað ónæmiskerfi verið í hættu. Gönguferðalöngum með blöðrur og sár gæti stafað hætta af þessum bakteríum.

Enginn hefur sótt um starfsleyfi fyrir náttúruleg í flokki 1 eða 2 á Vestfjörðum.



Mengunareftirlit og umhverfismál.



Samkvæmt reglugerð 786/1999 um mengunarvarnareftirlit er markmið heilbrigðiseftirlits með fyrirtækjum sem hugsanlega geta valdið mengun, að koma í veg fyrir óæskileg eða skaðleg áhrif á heilsufar almennings, röskun á lífríki eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Árlega standa Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Markmið verkefnisins í ár var að fá yfirsýn yfir mismunandi meðhöndlun á lífrænum úrgangi og leifum, hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu. T.d. að skoða hvort flokkun færi fram þar sem lífrænum úrgangi er safnað sérstaklega, skoða hvort sérstök söfnun væri á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun og hvort farvegir væru til staðar í sveitarfélaginu eða á svæðinu til að taka við/meðhöndla lífrænan úrgang. Sendar voru inn þær upplýsingar sem óskað var eftir. Ekkert sveitarfélag var með hrægáma til að taka við dýrahæjum og sláturúrgangi. 4 af 9 sveitarfélögum voru ekki með viðurkenndan farveg fyrir

seyru úr rotþróóm, og 5 af 9 voru ekki með reglubundna tæmingu á rotþróóm í sveitarfélaginu. Í dreifbýli á Vestfjörðum eru 60-100% heimila með rotþrær, misjafnt eftir sveitarfélögum. Seyrulosun og seyrulosunarstaðir eru nokkrir. Í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð er losun með reglubundum hætti á tveggja ára fresti, oftast unnin af verktaka. Árneshreppur er með starfsleyfi fyrir skógræktarsvæði, þar sem seyra er losuð og ætlunin í framtíðinni að rækta þar skóg. Kaldrananeshreppur og Strandabyggð semja líklega við sama verktakann og er seyrugryfja á sorphaugum Strandasýslu. Gámaþjónusta Vestfjarða sér um tæmingu á seyru í Súðavíkurbæ á tveggja ára frest og eins í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ. Í Ísafjarðarbæ eru fáar rotþrær og seyru hefur verið skilað í holræsakerfi Ísafjarðarbæjar. Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Reykhólahreppur semja við verktaka um tæmingu. Reykhólahreppur hefur fengið að losa á sorphaugum Strandamanna.

Samantekt úr lagaumhverfi seyrulosunar: Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp skal fráveituvatn einstakra húsa, þ.m.t. íbúðarhús lögbýla, frístundahúsa og fjallaskála sem ekki verður veitt í fráveitur, veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum (gr. 13.3) sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Í reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999 kemur fram að óheimilt er að losa seyru í yfirborðsvatn (gr. 6.1) en yfirborðsvatn er skilgreint á eftirfarandi hátt: Kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, svo og strandsjór. Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróóm. (gr. 14.1) Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarárgangur eða seyra fellur til bera ábyrgð á allri meðferð og flutningi úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað. (gr. 14.2) Í reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 er gert ráð fyrir að viðkomandi eftirlitsaðili geti veitt heimild til losunar á mengandi efnum í grunnvatn í starfsleyfi. (gr.7) Í starfsleyfi þarf þá að tiltaka ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengun. (gr. 10) Tiltaka þarf m.a. í starfsleyfi losunarstað og losunaraðferð og varúðarráðstafanir sem gerðar eru og losunartímabil.



Samþykkt um þrífnað og umgengni

Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfsvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða, nr 910/2015 fyrir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp, Reykhólahrepp, Tálknafjarðarhrepp og Vesturbyggð, hefur verið birt.

- <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7206a70b-f777-4d74-b4b0-311ddffe425f>

- Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.
- Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.
- Tæki og hluti sem ekki eru í almenntri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.
- Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnu-vélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.
- Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.
- Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum og tryggingarfélagi (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.
- Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests, sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999 með síðari breytingum, eða ekki fylgt tímasettri áætlun um úrbætur, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 500.000 á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í

farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

- Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.
- Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 48. 49. og 50. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Það vantar ekki reglur til að fara eftir, það vantar að fylgja þeim eftir, heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur ekki fjármuni til að standa straum af hreinsunaraðgerðum. Hreinsunaraðgerðir eru háðar sveitarfélaginu sem fær verktaka til að hreinsa og geyma úrgang. Ef farið er í lóðahreinsun er ágætt að byggingarfulltrúi og heilbrigðiseftirlit vinni saman. Við teljum það vera sóun á tíma og fjármunum þegar hreinsunaraðgerðum er ekki fylgt markvisst eftir, verkferillinn þarf því að vera alveg skýr hjá sveitarfélaginu hvað varðar brottflutning, geymslu, eða eyðingu á lausamunum og úrgangi. Eins og framkvæmdir hefur verið undanfarið er hún ekki ásættanleg.

Starfsleyfi vegna fráveitu



Mikilvægt er að fráveitur sveitarfélaga séu með formleg starfsleyfi, en ef þau geta ekki uppfyllt kröfur í reglugerðum þá þarf að sækja um undanþágur hjá ráðuneyti. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Ísafjarðarbær hefur sótt um starfsleyfi fyrir fráveitur sveitarfélagsins skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr 789/1999. Sveitarfélögunum hefur ítrekað verið bent á skyldur sínar. Á árinu 2016 eru ráðgerðar eftirlitsferðir með fráveitum

sveitarfélaga og gengið eftir að önnur sveitarfélög sækja um leyfi. Gert er ráð fyrir að hefja sýnatökur af strandsjó og mælingar á lengd fráveitustúta m.v. stórstraumsfjöruborð til að fá upplýsingar um hvernig ástandið er í raun. Áætlanir um endurskoðun á reglugerð 789/1999 hafa ekki gengið eftir. Samkvæmt reglugerð á að vera komin á „viðunandi“ hreinsun á fráveitu, einnig eru ákvæði um legu frárennslisstúta (9. gr), þar sem gerð er krafa um að öllu skólpi sé veitt til sjávar minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá stórstraumsfjörumörkum. Einnig er óheimilt að leiða skólpi þannig að frárennslisop opnast til hafna. Heilbrigðisnefnd getur ekki veitt undanþágur eða tilslakanir frá reglugerð, sækja verður um til Umhverfisstofnunar ef óskað er eftir slíku.

Matvælaeftirlit



Um eftirlit með matvælum fer samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Matvælaeftirlit felst í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum til að tryggja heilnæm og ómengduð matvæli. Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau. Vakin er athygli á að neysluvatn flokkast sem matvæli og þarf því að lúta sömu lögumálum. Matvælaölggjöf Evrópusambandsins hefur nú verið innleidd. Reglugerð EB nr. 178/2002, oft nefnd hin almennu matvælaölg EB, myndar þann grunn sem hin nýja matvælaölggjöf Evrópusambandsins byggir á. Markmið reglugerðarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES svæðinu. Sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið málefni, sem gjarnan er tengt matvælaöryggi, gerð fræðsluefnis og eða breytingum á lögum eða reglugerðum. Verkefnið 2016 var um kælingu matvæla eftir eldun. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tók ekki þátt í verkefninu.

Samantekt 2016 hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

- Á árinu 2016 voru tekin 195 sýni, af þeim voru 43 sem ekki stóðust kröfur.
- Fjórar vatnsveitur þéttbýlisstaða stóðust ekki kröfur þ.e. saurgerlar mældust í drykkjarvatni. Neysluvatn þéttbýlisstaða á að vera 100% í lagi, annað er ekki samþykkt hvorki af íbúum né samfélaginu. Því þarf að skerpa á innra eftirliti vatnsveitna og læra af þeim tilvikum sem upp koma.
- Neysluvatn í dreifbýli kemur enn illa út, huga þarf að vatnsbólum, og skoða hvort vatnból séu vel lokuð þannig að smit frá yfirborðsvatni komist ekki í vatnsból. Eins þar að huga vel að hvort nægjanlegt neysluvatn sé til staðar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur það að markmiði að búa landmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í ómenguðu umhverfi og matvælum. Heilbrigðiseftirlit þjónustar almenning og umhverfi. Fyrir alþingi liggur nú breytingartillaga um lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 7/1998. Þær breytingar sem þar eru boðaðar eru ekki líklegar til að skapa skilvirkara og öflugra eftirlit, þvert á móti mun flækjustig fyrir fyrirtæki aukast. Frá því Hollustuvernd ríkisins var lögð niður og Matvælastofnun og Umhverfisstofnun tóku við hlutverki stofnunarinnar hafa verkefni sífellt verið færð frá heilbrigðiseftirliti til stofnana ríkisins. Þannig fluttist eftirlit með efnavöru til Umhverfisstofnunar við setningu Efnalaga 2013. Eftirlit með litlum kjötvinnslum og fiskvinnslum fluttist til Matvælastofnunar 2010. Við þessar breytingar hefur flækjustig aukist og í stað eins eftirlitsaðila þarf nú aðkomu tveggja eftirlitsaðila. Yfirleitt eru breytingar boðaðar undir slagorðum um einföldun og samræmingu. Þess má geta að bæði Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafa lögum samkvæmt hlutverk við samræmingu eftirlits. Kallað er eftir miðstýrðu eftirliti, miðstýring er einfaldur flutningur á störfum á einn stað vanalega frá landsbyggð á höfuðborgarsvæði.

Bolungarvík í maí 2017

Anton Helgason
Framkvæmdastjóri